

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 85/2004

frá 8. júní 2004

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með samningnum um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem undirritaður var 14. október 2003 í Lúxemborg ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1980/2003 frá 21. október 2003 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar skilgreiningar og uppfærslu á skilgreiningum ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1981/2003 frá 21. október 2003 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar framkvæmdarþætti og aðferðir til áætlunar ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1982/2003 frá 21. október 2003 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar reglur um úrtöku og eftirfylgni ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1983/2003 frá 7. nóvember 2003 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar skrá yfir aðalmarkbreytur ⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 18i (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003) í XXI. viðauka við samninginn:

„18j. **32003 R 1980**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1980/2003 frá 21. október 2003 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 130, 29.4.2004, bls. 3 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 23, 29.4.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 298, 17.11.2003, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 298, 17.11.2003, bls. 23.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 298, 17.11.2003, bls. 29.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 298, 17.11.2003, bls. 34.

- varðar skilgreiningar og uppfærslu á skilgreiningum (Stjtíð. ESB L 298, 17.11.2003, bls. 1).
- 18k. **32003 R 1981**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1981/2003 frá 21. október 2003 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar framkvæmdarþætti og aðferðir til áætlunar (Stjtíð. ESB L 298, 17.11.2003, bls. 23).
- 18l. **32003 R 1982**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1982/2003 frá 21. október 2003 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar reglur um úrtöku og eftirfylgni (Stjtíð. ESB L 298, 17.11.2003, bls. 29).
- 18m. **32003 R 1983**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1983/2003 frá 7. nóvember 2003 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar skrá yfir aðalmarkbreytur (Stjtíð. ESB L 298, 17.11.2003, bls. 34).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1980/2003, 1981/2003, 1982/2003 og 1983/2003, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. júní 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júní 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

S. Gillespie

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.